

# *Safnaðarblað Akraneskirkju*

Mars 2005 - 1. tbl. 6. árg.



# „Gaman að vera í sóknarnefnd“

Rætt við Þjóðbjörn Hannesson, sóknarnefndarformann

Þjóðbjörn Hannesson hefur setið í sóknarnefnd Akraneskirky frá 1992, þar af verið formaður í 8 ár. Hann stendur á sextugu, er kvæntur Krístrúnu Línal Gísladóttur og eiga þau son saman en fyrir átti hún 3 dætur sem hann gekk í föðurstað. Þjóðbjörn er framhaldsskólakennari og deildarstjóri málmíðnaðardeildar Fjölbrotaskóla Vesturlands.

Þjóðbjörn hefur starfað með skátunum frá 12 ára aldri. Hann hafði því mikla reynslu af félagsmálum þegar hann tók sæti í sóknarnefnd. – En kom honum þar eitthvað á óvart í upphafi?

„Jú, sóknarnefndarstörfin voru tímabækari en ég átti von á,“ svarar hann. „Safnaðarstarfið er mjög umfangsmikið í fjölmennu prestakalli. Það fer ótrúlega mikill tími í hin svokölluðu veraldlegu mál. Sóknarnefnd gætir þess, lögum samkvæmt, að kirkju, búnaði hennar og safnaðarheimili sé vel við haldið. Hún hefur umsjón með öllum fjármálum sóknar og starfsmannahaldi. Sóknarnefndin hefur einnig, ásamt sóknarpresti, forgöngu um kirkjulegt starf á vegum sóknarinnar.“

Að sögn Þjóðbjörns hefur farið mikill tími í það undanfarið á sóknarnefndarfundum að ræða kirkjugarðsmál, lýsingu í garðinum og skipulagsmál almennt – en nú er hafin vinna að endurbótum sem munu taka mörg ár því þær eru mjög kostnaðarsamar.

Þjóðbjörn segir að sér þyki gaman að starfa í sóknarnefndinni og þar hafi hann jafnan unnið með góðu fólki.



„Ég hef stundum þurft að taka á viðkvæmum og erfiðum málum sem formaður sóknarnefndar en ævinlega reynt að gera það af mikilli gætni,“ segir hann. „Ég hef ætíð haft að leiðarljósi að vinna eftir bestu samvisku, vera heiðarlegur í hvívetna og koma til dyranna eins og ég er klæddur. Þá getur maður ekki heldur kennt sér um nein mistök.“

– Að lokum: Sérðu fyrir þér byggingu nýrrar kirkju á næstunni?

„Við höfum oft þörf fyrir stærri kirkju, t.d. í fjölmönnum útförum og í guðspjónustum á stórhátíðum, en hún verður þó ekki byggð á allra næstu árum,“ svarar hann. „Það kostar hundruði milljóna að byggja nýja, stóra og glæsilega kirkju. Ef fólki heldur áfram að fjölga hér á Akranesi, eins og allt bendir til að verði, þá held ég að raunhæft sé að tala um byggingu nýrrar kirkju eftir 10 til 15 ár, ekki fyrir!“

## Kæri lesandi

Í Akranessöfnuði eru margar kirkjulegar athafnir á ári hverju. Þar stendur fólki á öllum aldri einnig til boða þátttaka í fjölbreyttu félagsstarfi.

Safnaðarblað Akraneskirky kemur nú út í 6. sinn á jafnmörgum árum. Tilgangurinn með útgáfu þess er að birta ræður, greinar og upplýsingar sem varða kirkjulegan vettvang og kynna hluta af því viðburðaríka starfi sem þar fer fram.

Vonum við að þú njótir þess að lesa blaðið og það efli trú þína og glæði áhuga þinn á helgihaldi og félagsstarfi í Akranessöfnuði!

## Safnaðarblað Akraneskirky

1. tölublað 6. árg. Mars 2005.

Útgefandi: Akranessókn.

Umsjón: Eðvarð Ingólfsson (ábm), Indriði Valdimarsson.

Prentun: Prentverk Akraness hf.

Gefið út í 2400 eintökum.

Sóknarnefnd:

Þjóðbjörn Hannesson, formaður. Jóhannes Ingibjartsson, ritari. Brynja Einarsdóttir, Hörður Pálsson, Ingimar Magnússon, Magnús Oddsson, Sigríður Kr. Valdimarsdóttir, Sigríður Skúladóttir, Ragnheiður Grímsdóttir, Þóra Björk Kristinsdóttir.

Ljósmyndir af fermingarbörnum: Myndsmiðjan.

## Efnisyfirlit

<i>Gaman að vera í sóknarnefnd</i>	2
<i>Hugleiðing sóknarprests</i>	3
<i>Þjóðhátíðarræða</i>	4
<i>Tár, sviti og takkaskór</i>	5
<i>Eftirminnillegur fermingardagur</i>	6
<i>Hjónavígslur 2004</i>	7
<i>Færeyjafærð</i>	8
<i>Myndir af fermingarbörnum 2004</i>	10
<i>Fermingarbörn á Akranesi árið 2005 – nafnalisti</i>	14

Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur:

## Mundu mig - ég man þig!

Ég býst við að allir þeir sem eiga sms-síma yrðu hissa ef þeir fengu allt í einu sms-skilaboð frá Guði. Ef síminn pípti og þeir sæju eftirfarandi texta á skjánum:

„Halló! Þetta er frá Guði, skapara þínum. Ég er vinur þinn! Mundu mig - ég man þig! Stattu þig vel í lífinu og láttu gott af þér leiða. Vertu miskunnssamur og kærleiksríkur við aðra! Fylgdu Jesú, treystu honum! Það er gott að þú ert til. Þinn Guð!“

Hvernig yrði farsímaeigendum við að fá skilaboð af þessu tagi frá sjálfum Guði? Þeir tryðu vart sínum eigin augum. Þeir myndu kannski detta á hausinn af undrun.

Sjálfur þekki ég ekki neinn sem hefur fengið sms-skilaboð frá Guði en kannski titið þið um einhverja. Ég hef hins vegar lesið frásagnir um marga sem hafa fengið skilaboð frá honum með öðrum hætti, t.d. í draumi eða séð tákn úti í náttúrunni. Ýmsir hafa líka hlotið bænheyrslu á einn eða annan hátt.

Við þurfum ekki að hringja í Guð enda vitum við ekki símanúmerið hjá honum - en við get-

um samt haft samband við hann, t.d. í bæn. Hann heyrir allar bænir, líka þær sem við fáum ekki svör við. Við vitum ekki af hverju Guð bænheyrir okkur ekki alltaf - en við munum skilja það síðar þegar við komum fram fyrir hann augliti til auglitis í fyllingu tímans. Hann þekkir þarfir okkar betur en við sjálf og hann veit hvað okkur er fyrir bestu.

Þótt Guð noti ekki farsímakerfið til þess að ná sambandi við okkur, þá er hann engu að síður að flytja okkur skilaboð alla daga. Hann talar við okkur í Biblíunni, segir okkur hver sé tilgangurinn með lífi okkar, hvers hann ætlar til af okkur. Þar lesum við um frelsara okkar, Jesú Krist, sem lifði og dó fyrir okkur mennina og býður okkur samfélag sitt.

En Guð notar fleiri boðleiðir en Biblíuna. Hann talar einnig til samvisku okkar, minnir okkur á ef við gerum eitthvað sem er andstætt vilja hans. Hann vekur okkur samúð með öðru fólki og hvetur okkur til þess að koma því til hjálpar. Því opnari sem hugur okkar er fyrir



ir Guði, þeim mun auðveldara á hann með að tala til okkar. Hann þröngvar ekki trúnni upp á neinn; við höfum val. Hann vill að við fylgjum sér af fúsum og frjálsum vilja. Ekkert samband blómstrar ef þvingun á sér stað.

Guð vill vera vinur þinn. Vilt þú vera vinur hans eða vinkona? Allir rúmast í faðmi hans, segir í einum barnasálm, heilir og vanheilir, litlir og stórir, grannir og feitir, svartir og hvítir, ungir og gamlir. Svo stór og kærleiksríkur er faðmur Guðs. Hann elskar okkur öll og vill okkur vel.

Við skulum njóta þess að fá að hvíla í þessum faðmi og þakka fyrir að yfir okkur er vakað í lífi og starfi. Það þakklæti sýnum við best með því að rækta vináttuna við Guð.

Mundu mig - ég man þig! Þau orð eru í fullu gildi!



## Heimsókn í Bústaðakirkju

Akraneskirky og Bústaðakirkja eru sérstakar vinakirkjur. Félög eldri borgara í söfnuðunum hittast m.a. árlega. Þessi mynd var tekin í heimsókn Akurnesinga í Bústaðakirkju í október s.l. Heiðursgestir þeirrar samkomu voru biskupshjónin, hr. Ólafur Skúlason sem flutti ræðu, og kona hans, Ebba Sigurðardóttir. Anna Sigríður, sópransöngkona, skemmti ásamt kór eldri borgara, Glæðum. Gestgjafarnir munu síðan sækja okkur Akurnesinga heim næsta haust.

Birna Björnsdóttir nýstúdent:

# Tímarnir breytast og mennirnir með!

Hátíðarræða í Akranes Kirkju 17. júní 2004



**K**æru gestir: Gleðilega þjóðhá-  
tíð!

Í dag eru nákvæmlega 60 ár liðin frá því Íslendingar urðu sjálfstæð þjóð. Þetta er ekki langur tími en fyrir mig og mína jafnaldr virðist þetta vera svo fjarlægt.

Ég var stödd í morgunmat hjá ömmu minni í gærmorgun þegar bróðir hennar kom í heimsókn, eins og hann gerir oft á þessum tíma dags. Ég var að hella mér kornflex í skál. „Er þetta það sem unga fólk þú borðar í morgunmat nú til dags?“ spurði hann þá. „Ég fékk nú bara hafragraut og slátur þegar ég var á þínum aldri.“

Eftir að hafa rifjað upp ýmislegt fóru þau systkinin að ræða um þjóðhátíðardaginn 1944. Það var þá sem ég uppgötvaði að amma mín var jafngömul og ég er nú þegar Íslendingar urðu sjálfstæð þjóð! Það var eiginlega ekki fyrir en þá sem ég gerði mér grein fyrir hvað það er í raun stutt síðan Íslendingar tilheyrðu Danmörku og hversu ótrúlega margt hefur breyst síðan það var.

Kynslóð ömmu minnar hefur lifað tímana tvenna og upplifað þvilíkar breytingar að ég og mínir jafnaldrar, hin svokallaða pítsukynslóð, eigum erfitt með að gera okkur grein fyrir því. Það er meðal annars þeim að þakka hversu gott við höfum það almennt á Íslandi í nútímanum. Við búum í velferðarsamfélagi þar sem allir eiga þess kost að mennta sig, óháð kyni og litarhætti. Við búum við gott heil-

brigðiskerfi og svo mætti lengi telja. Að sjálfsgöðu eru einnig margir sem búa við bág kjör og það er margt sem betur mætti fara – en vegna þess að þetta er gleðidagur þá vil ég ekki fara nánar út í það.

## Horft fram á við

En þó það sé mikilvægt að þekkja sögu sinnar þjóðar og varðveita hana, þá er ekki síður mikilvægt að horfa til framtíðar. Ætli framtíðin sé ekki ofarlega í huga þeirra sem útskrifuðust með mér þann 21. maí síðastliðinn? Nú stöndum við í þeim sporum, mörg hver í fyrsta skipti á ævinni, að geta valið um hvað við ætlum að verða. Eflaust eru einhverjir búnir að ákveða það fyrir löngu hvað þeir ætla að gera, en þeir eru fleiri sem vita ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér. Möguleikarnir eru svo ótal margir að fyrir áhrifagjörn og óákveðin ungmenni getur valið orðið óskaplega erfitt.

Þegar ungir krakkar eru spurðir að því hvað þeir ætli að verða í framtíðinni, þá eru þeir yfirleitt ekki í neinum vafa um það. Margir ætla að verða hárgreiðslukona, lögga, slökkviliðsmaður eða eitt-hvað í þeim dúr – en langflestir segja þó: „Ég ætla að verða ríkur!“

Þetta síðastnefnda virðist þó ekki eingöngu vera draumur hjá litlu krökkunum heldur einnig „mottó“ hjá hinum dæmigerða nútíma Íslendingi. Sjaldan hefur fólk verið jafnákaft í að taka þátt í

lífsgeðakapphlaupinu og kröfur samfélagsins verða sífellt meiri. Til að reyna að standast þessar kröfur þarf fólk að leggja á sig ómælt erfiði og vinna myrkranna á milli. Fólk hefur ekki lengur tíma til að vera til og vanrækir þá sem standa þeim næst. En hvers vegna?

Hamingjan felst ekki í því að eiga risastórt einbýlishús, jeppa á 44“ dekkjum og sumarbústað í Borgarfirðinum. Ef það væri svo einfalt þá væru Íslendingar sennilega hamingjusamasta þjóð í heimi. Hamingjan felst frekar í hlutum sem sumum þykja sjálf-sagðir, eins og að eiga góða fjölskyldu, trausta vini, að vera heill heilsu og að geta verið maður sjálfur. Þetta eru hlutir sem eru ómetanlegir og eru ekki öllum gefnir, hvorki hér á landi né úti í hinum stóra heimi.

En árin liða, tímarnir breytast og mennirnir með. Það er stutt síðan ég lék mér úti á róló í snúsnú og boltaleikjum og ætlaði aldrei að verða stór. Það var langbest að vera bara lítil áfram og gera það sem var skemmtilegt, því það var svo mikið vesen að vera full-orðin. En maður fær víst engu um það ráðið þótt maður gjarnan vildi, því tíminn líður svo óskaplega hratt. Það hlýtur að vera takmark hvers og eins að geta sagt á efri árum að maður sé sáttur við líf sitt eins og það hefur þróast.

Lifum því lífinu á meðan við getum, njótum þess að vera til og verum við sjálf!

# Tár, sviti og takkaskór á Merkurtúninu!

**O**ft er talað um að lóan sé vorboði en það eru fermingarbörnin líka! Þegar fyrstu hóparnir verða fermdir í Akraneskirku í lok þessa mánaðar, þá verður sannarlega vorilmur í lofti!

Fermingarstarfið er fjölbreyti-legt. Þar blandast saman bæði alvara og gleði. Á vordögum er að jafnaði efnt til fótboltakappleiks á Merkurtúni þar sem starfsfólk kirkjunnar og fermingarbörnin eigast við. Hin síðarnefndu fá þar einstaklega ljúft tækifæri til að sparka í lappirnar á prestinum sínum án þess að vera klöguð fyrir foreldrunum. Enda fær hann marga marbletti hverju sinni!

Í liði prestsins er kjarkmikill og þrautþjáfaður mannskapur, fólk sem þolir að tapa, fólk með langa og litríka lífsreynslu að baki og a.m.k. einn leikmaður á sjötugsaldri, hún Þórný kirkjuvörður. Hún á kínverska takkaskó sem hafa reynst henni vel í vörninni! Sveinn Arnar, organisti, er jafnan í framlinunni og bíður eftir boltanum. Það var reyndar svo lítið að gera hjá honum í leiknum í fyrravor að hann lagðist á grasið í seinni hálfleik og sofnaði. Hann missti því af einu sendingunni sem honum var ætluð, eina marktækifærinu!



Þingeyski dómariinn í umræddum leik, Helga S. Ásgeirsdóttir.

Útfararstjóri Akraneskirku, hann Indriði, stendur jafnan á marklinunni og er dálítið vígalegur – í kjölfótum með hvíta hanska, já, svo vígaleg-

ur að einum dreng varð á orði í fyrravor í upphafi leiks:

„Jæja, það á bara að jarða okkur?!“

En það gekk nú ekki eftir! Þetta var samt hörkuleikur! Presturinn fékk að líta gula spjaldið í fyrsta sinn á 38 ára fótboltaferli. Ein af starfsstúlkum safnaðarheimilisins, ættuð úr Þingeyjarsýslu, dæmdi þennan leik. Hún sakaði prestinn um að hafa sýnt vítavert gáleysi þegar hann þrumaði boltanum inn í miðjan hóp fermingarbarna.



Þórný Elisdóttir kirkjuvörður að taka útspark.



Akranesbörnin á fermingarnámskeiði í Skálholti nú í vetur.

Sumar stelpurnar, sem urðu fyrir árásinni, voru að glossa sig og vissu ekki fyrir en boltinn skall eins og höggbylgja á þeim – og þurftu þær því að glossa sig aftur. Urðu þær fyrir einhverju fjárhagslegu tjóni af þessum sökum en hárgreiðslan ruglaðist hjá öðrum!

Presturinn mátti víst teljast heppinn, eftir því sem dómariinn sagði, að hafa sloppið við rautt spjald og ævilangt keppnisbann. Hjá þessum þingeyska dómara fékk hann enga samúð, jafnvel þótt hann hafi verið prestur í Þingeyjarsýslu áður en hann kom hingað á Akranes; sat þá bestu bújörðina í Norður-Þingeyjarsýslu – með eina uppstoppaða hænu í eldhús-

glugganum – og er þá allur búfén-aðurinn upptalinn! Óvíst er hvort þessi dómari verði endurráðinn nú í vor!

Já, svona geta menn nú gleymt sér í hita leiksins. Prestar eru mannlegir eins og aðrir!

Enginn man lengur hvernig þessum leik lyktaði enda aukaatriði en allir fengu ljúffengt prinspóló og kók hjá henni Magneu í safnaðarheimilinu á eftir.

Næsti stórleikur starfsfólks kirkjunnar og fermingarbarna verður á Merkurtúninu mánudaginn 14. mars nk. kl. 16. Aðgangur er ókeypis! Leiknum verður sjónvarpað um alla Evrópu ef samningar takast við BBC!

Valdimar Jónsson:

## Eftirminnilegur fermingardagur

*Ræða flutt í Akraneskirky 9. maí 2004*

**Á**gætu kirkjugestir, kærur fer-  
mingarsystkin!

Við erum hér í kirkjunni í dag til að gleðjast yfir því að 50 ár eru liðin frá fermingardegi okkar. Hér eru líka hópar 60 ára og 70 ára fermingarbarna. Einnig mun líklega vera á Höfða 80 ára fermingarbarn, Jósefina Guðmundsdóttir, 94 ára að aldri. Við sendum henni blessunaróskir.

Fyrir nákvæmlega 50 árum, hinn 9. maí 1954, gengu 53 börn hér upp að altarinu og staðfestu sína skírn. Þessari athöfn var skipt þannig að fyrir hádegi voru fermd 28 ungmenni og eftir hádegi 25. Þessi eftirminnilega stund hefur fylgt okkur alla tíð síðan.

Af hópnum eru hér í kirkjunni líklega um 40 en aðrir sáu sér ekki fært að koma. Skarð hefur verið höggvið í hópinn því 5 eru látin. Þau eru: Óskar Halldórsson (Óskar í Svanahlíð), Sigurður Viðar Hafliðason (Veddi á Steinum), Halldór Hallfreðsson (Dóri Hallfreðs), Sæunn Árnadóttir (Sæunn í Lykkju) og Fjóla Guðrún Guðmundsdóttir (Fjóla á Mástöðum). Ég bið Guð að blessa minningu þeirra.

### *Fermingarkyrtlar teknir í notkun*

Þessi fermingardagur var mjög eftirminnilegur, því þá voru fermingarkyrtlar notaðir í fyrsta skipti í þessari kirkju. Þetta var þó ekki í

fyrsta skipti sem fermt var í kyrtlum hér á landi því fermt var í þeim á Akureyri 19. apríl – eða 20 dögum fyrir.

Um aðdraganda þessa síðar vil ég minnast lauslega á. Um margra ára skeið höfðu efnaminni fjölskyldur átt í vandræðum með að fylgja þeirri tisku sem var í gangi í kringum fermingar. Pabbi, sem var mikill jafnaðarmaður í sér, hafði frétt að í Noregi hefði allengi – eða upp úr 1950 – verið notaðir fermingarkyrtlar. Margrét, systir mín, var við nám í Harðangri þennan vetur. Skrifaði pabbi henni og bað hana um að útvega kyrtil sem hægt væri að sauma eftir. Hún fór á stúfana og fékk lánaðan einn kyrtil frá Bergen sem hún sendi heim.

Þetta mun hafa verið nálægt jólum. Heyrt hef ég að ekki hafi átt að koma þessu í framkvæmd fyrir en ári síðar en frú Ingunn Sveinsdóttir, kona Haraldar Böðvarssonar, tók þá til sinna ráða og pantaði nokkra stranga af hvítu efni. Síðan var farið á fund Þórunnar saumakonu frá Akri sem tók verkið að sér. Voru allar vélar hjá Tótu á Akri settar á fulla ferð og náðist að sauma líklega 40 í tæka tíð.

Purfti því í hádeginu, á sjálfan fermingardaginn, að strauja nokkra kyrtlana fyrir seinni hópinn. Sá síður að ganga í hvítum kyrtli er gamall í kirkjusögunni. Ef



*Sr. Jón fermir Valdimar, son sinn.*

menn voru skírðir á fullorðinsárum munu þeir hafa verið klæddir í hvíta kyrtla sem táknuðu hreinleika og höfðu skírskotun til frumkristni. En í þessu tilviki var það nú af annarri ástæðu að allir skyldu skryðast eins, því þarna kom jafnaðarmennskan upp í þabba í verki.

Á Akureyri var venjulega fermt á páskum en hér á Akranesi í maí eða nálægt hvítasunnu. Það skýrir hvers vegna Akureyringar voru fyrir á ferðinni.

Pabbi mun hafa verið í bréfaskriftum við sr. Friðrik Rafnar vígslubiskup um þetta mál, því í Æskulýðsblaðinu á Akureyri þennan vetur stendur að það eigi að ferma í kyrtlum um vorið. Einnig kemur fram í blaðinu að sr. Jón M. Guðjónsson á Akranesi hafi átt hugmyndina að þessu.

Þetta skiptir svo sem ekki máli – en á Akranesi og Akureyri var brautin rudd. Ekki liðu nema fáein ár þar til þessi síður hafði verið tekinn upp í öllum kirkjum landsins. Munu margir telja þetta með því merkara í sögu kirkjunnar á 20. öld.

Annars má lesa nánar um þetta



í bókinni: Akraneskirka 1896-1996. Ég vil geta þess að einn af kyrtlunum sem voru notaðir við þessa fermingu kom í leitirnar og hangir hann hér frammi í kirkjunni. Verður hann afhentur byggðasafninu til varðveislu.

### *Viðburðarík uppvaxtarár*

Í minningunni var gott að alast upp hér á Skaganum. Ég man bara eftir góðu veðri, skemmtilegum atvikum og góðum félögum. Alltaf var nóg að sysla, mikið fylgst með bátunum og farið niður á bryggju. Margir fóru í sveit á sumrum og aðrir fengu sumarvinnu hér á staðnum, til dæmis við að breiða saltfisk og stelpurnar sumar að passa börn. Það sem við upplifðum væri ef til vill kölluð barnaprælkun í dag.

Sem dæmi nefni ég að ég var í kaupavinnu sumarið eftir fermingu og ég vissi að jafnaldrarnir sumir hverjir fengu vinnu í fiski við að hengja upp skeið og þess háttar eða hjá Ingimundi í Niðursuðunni. Ég segi þetta ekki til að halda því fram að það hafi verið betra en nú á dögum. Þetta var öðruvísi. Fólk þekkti bara ekkert annað. Við tókum mið af okkar umhverfi líkt og sérhver unglingur gerir á hverjum tíma.

Sumarið og haustið eftir ferminguna skildi leiðir. Sumir í hópnunum fluttu á annan stað eða fóru í skóla utan Akraness. Einhverjir tóku bara tvo bekki í Gagnfræðaskólanum og fóru svo í iðnnám eða eitthvað slíkt. Lifið var framundan. Enginn æskumaður kemur svo af bernskuárunum, hvort sem það er karl eða kona, að hann geri sér ekki far um að finna sér áhugavert starf. Margir hafa átt sér drauma sem ekki rættust. Kannski voru draumarnir óraunsæir en það á við unglinga á öllum tímum. Þeir leita fyrir sér, prófa ýmislegt sem stundum gefst vel, annars er reynt aftur annarsstaðar. Vonandi hefur farið svo að flest okkar hafi lent á réttri hillu.

Það sem kemur alltaf á óvart er það – ef maður hittir einhverja úr hópnunum – að þá virkar það eins og þetta hafi allt gerst í gær.

Já, fermingardagurinn var stór dagur í lífi okkar allra.

Mig langar svo að endingu að fara með kafla úr ljóðinu Aldamót eftir Einar Benediktsson.

*Það fagra, sem var, skal ei lastað og lýtt,*

*en lyft upp í framför, hafið og prýtt.*

*Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,*

*án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt.*

*Vort land það á eldforna lifandi tungu,*

*hér lifir það gamla í þeim ungu.*

Kæru fermingarsystkin: Það er ánægjulegt að hittast á þessum stað eftir 50 ár!

Guð blessi þessa kirkju og söfnuð hennar og Guð blessi Akranes!

## *Hjónavigslur í Garðaprestakalli 2004*

- 14. feb.: Brynjólfur Sigurvinsson og Sigríður Guðjónsdóttir, Jaðarsbraut 9.
- 27. feb.: Samúel Ágústsson og Anna Berglind Einarsdóttir, Bjarkargrund 33.
- 28. feb.: Davíð Þorvaldur Magnússon og Bylgja Dröfn Jónsdóttir, Skagabraut 5.
- 27. mars: Hörður Garðarsson og Þórunna Hildur Kjartansdóttir, Furugrund 41.
- 3. apríl: Runólfur Bjarnason og Ágústa Friðfinnsdóttir, Suðurgötu 25.
- 10. apríl: Guðmundur Claxton og Gunnur Hjálmsdóttir, Stekkjarholti 16.
- 17. apríl: Þorkell Helgi Björgvinsson og Hrefna Björnsdóttir, Garðabraut 20.
- 24. apríl: Guðmundur Bjarki Halldórsson og Arndís Halla Guðmundsdóttir, Viðigrund 8.
- 22. maí: Einar Kristinn Gíslason og Anna Snjólaug Eiríksdóttir, Sandabraut 13.
- 29. maí: Gunnar Sigurðsson og Sigríður Guðmundsdóttir, Espigrund 3.
- 29. maí: Ásgrímur Gísli Ásgrímsson og Gerður Guðjónsdóttir, Reynigrund 32.
- 29. maí: Gísli Karlsson og Lilja Gunnarsdóttir, Hringbraut 119.
- 12. júní: Sigurbrandur Jakobsson og Rannveig Jóhannsdóttir, Háteigi 8.
- 10. júlí: Freyr Breiðfjörð Garðarsson og Finndís Helga Ólafsdóttir, Sandabraut 4.
- 10. júlí: Hafliði Páll Guðjónsson og Harpa Hrönn Finnbogadóttir, Tindaflöt 16.
- 24. júlí: Ingi Már Ingvarsson og Harpa Harðardóttir, Vesturgötu 68.
- 14. ágúst: Árni Eypór Gíslason og Hanna Gróa Hauksdóttir, Hagamel 16.
- 21. ágúst: Gissur Bachmann Bjarnason og Ingigerður Guðmundsdóttir, Merkurteigi 1.
- 21. ágúst: Pekka Tapio Pyykönen og Rannveig Steinþórsdóttir, Finnlandi.
- 28. ágúst: Ólafur Þór Gíslason og Guðborg Ester Ómarsdóttir, Krummahólum 10.
- 25. sept.: Jóhann Árni Lindal Svansson og Ragnheiður Laufey Garðarsdóttir, Merkigerði 6.
- 25. sept.: Albert Ingi Gunnarsson og Sigurrós Ingigerðardóttir, Suðurgötu 35.
- 30. okt.: Gunnar Freyr Hafsteinsson og Lilja Halldórsdóttir, Steinsstaðflöt 6.
- 4. nóv.: Sigurður Þorsteinsson og Erla Lind Þorvaldsdóttir, Brekkubraut 22.
- 29. des.: Sigurjón Pálsson og Ása Mýrdal Gunnarsdóttir, Sandabraut 11.
- 30. des.: Jóhannes Þór Harðarson og Halla Svansdóttir, Noregi.

Jósef Þorgeirsson:

# *Kirkjukór Akraness í Færeyjum*

Kór Akraneskirku fór í ánægjulega ferð til Færeyja um síðustu hvítasunnu. Lagt var af stað frá Safnaðarheimilinu Vinaminni föstudaginn 28. maí og óku 62 kórfélagar, makar og aðrir ferðafélagar til Reykjavíkurflugvallar í langferðabifreið.

Flogið var áleiðis til Færeyja kl. 18.10 og eftir landingu á Vogflugvelli komið til Þórshafnar um kl. 22.30 að þarlandum tíma. Veður var ekki fallett á áfangastað, þoka og súld.

Fólk var árla á fótum morguninn eftir enda förinni heitið til Vestmanna og þaðan í siglingu undir mikilfengleg björg, Vestmannabjörg. Fregnir fengust af betra veðri norðan Þórshafnar og var ánægjulegt að sigla fast við hrikaleg björgin og inn í hella sem eru þar. Eftir að komið var aftur til Þórshafnar tókum við hjónin og

Þjóðbjörn og Krístrún leigubíl í Norræna húsið í Þórshöfn sem var skemmtilegt að skoða.

## *Hljár móttökur í Kirkjubæ*

Kirkjukórinn hélt tónleika í Vesturkirkjunni í Landagötu. Eftir



*Hjónin, Gíslí og Hallbera, sungu og skemmtu.*



*Frá tónleikum kirkjukórsins í Færeyjum.*



*Greinarhöfundurinn, Jósef Þorgeirsson, á sjó.*

tónleikana kom upp hugmynd um að manna bifreið og halda til Kirkjubæjar, syðst á Straumey. Tólf komust í þá ferð.

Kirkjubær er merkur sögustaður í Færeyjum. Þar var biskupsstóll eyjanna um aldir og margvíslegar menjar eru um forna frægd staðarins. Kóngsbóndi í Kirkjubæ er nú Sverrir Paturson sem margir hér um slóðir þekkja enda er hann búfræðingur frá Hvanneyri og vélvirki frá Þorgeir & Ellert hf. Sverrir og kona hans buðu öllum hópnum til kaffidrykkju og var þessi heimsókn ákaflega ánægjuleg og eftirminnileg.

Hvítasunnudag, 30. maí, var sami suddinn í Þórhöfn en betra veður og sæmilega hjart norðar. Förinni var heitið til Leirvíkur á Austurey og þaðan með bátum til Klakksvíkur á Borðey.

Reglulegar skipaferðir eru á milli Leirvíkur og Klakksvíkur en á hvítasunnudag gekk ferjan ekki og því voru fengnir tveir minni bátar til fararinnar. Báturinn, sem við hjónin förum á, heitir Barskord og kom í ljós að hér var um að ræða Höfrung MB-98 sem smíðaður var á Akranesi 1929 fyrir Harald Böðvarsson. Báturinn var seldur til Færeyja 1947. Nú er hann notaður aðallega til pósthlutninga og virðist vera í mjög góðu lagi.

Í Klakksvík fór fram móttaka í





„Stolt siglir fleyið mitt...“ Steingrímur Bragason og fleiri ferðalangar.



Siglt að Vestmannabjörgum.

ráðhúsi staðarins og þar sagði Kristján Olsen, ferðamálafultrúi, knattspyrnufrömuður og vinur Skagamanna, hrakningasögu Kútters Sigurfara er honum var siglt til Færeyja – en kona Kristjáns er komin af einum skipverja sem þar var með í för.



Björg og Sverrir á rómantískri stundu.

### **Bragðað á skerpuvjöti og hval**

Hlýtt var á messu í Klaksvík og kórinn okkar söng tvo sálma. Eftir guðsþjónustuna var hádegisverður í boði bæjarstjórnar og síðan var haldið í skoðunarferð um Borðey, Kuney og Viðey – allt norður til Viðareyðis. Til baka var haldið síðdegis en að þessu sinni gíst á Hótel Vága. Allir ferðafélagarnir snæddu saman kvöldverð af hlaðborði á hótelinu og þar var meðal

annars hægt að bragða á skerpuvjöti og grind. Kvöldið leið við sögur og söng, öllum til ánægju!

Síðasta daginn í Færeyjum var farið í skoðunarferð um Vogey, m.a. í Gásadal. Þar er lítið samfélag. Ferðapésar tala um 10 eða 12 íbúa. Engin byggð er handan Gásadals og næsta eyja, Mykines, vestasta eyja Færeyja, skartar ekki lengur samfelldri byggð. Húsin eru aðeins notuð sem sumarhús. Gásadalur virðist heldur ekki eiga sér framtíð sem útgerðarstaður, enda landið þverhnipt í sjó fram og okkur var sýndur sérstakur, gamall útbúnaður til að koma líkistum og sjúkrabörum niður í fjöru í neyðartilfellum. Þrátt fyrir þessar staðreyndir er verið að gera

jarðgöng í Gásadal er kosta munu 1,5 milljarða króna. Framkvæmdum er ekki lokið en göngin fær.

Sörváginn er vinabær Akraness í Færeyjum og kirkjukórinn hélt þar tónleika í kirkjunni. Þeir tónleikar voru virkilega góðir og frammi- staða kórsins þar sú besta í allri ferðinni. Síðdegis, sama dag, var flogið til Reykjavíkur og síðan ekið heim á Akranes.

Fararstjórar í ferðinni voru þeir Gísli Gíslason, bæjarstjóri, og Sveinn Arnar Sæmundsson, organisti og kórstjóri.

Við hjónin höfðum mikla ánægju af förinni til Færeyja og þökkum ferðafélögum okkar af heilum hug samveruna.



Félagar úr kirkjukórnum sjna írskan línudans (river-dans) á einni kvöldvökunni.



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 28. mars 2004 kl. 10:30.  
Með þeim á myndinni eru sr. Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur, sem fermdi  
og sr. Björn Jónsson, fyrrv. sóknarprestur, sem aðstoðaði við útteilingu altarissakramentis.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 28. mars 2004 kl. 14.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 4. apríl 2004 kl. 10:30.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 4. apríl 2004 kl. 14.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 18. apríl 2004 kl. 10:30.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 18. apríl 2004 kl. 14.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 25. apríl 2004 kl. 14:00.*

## *Fermingarbörn sumarið 2004*

**E**instöku sinnum eru fermd ungmenni í Akraneskirku sem ekki eiga þess kost að fermast með hópnum að vori, t.d. vegna búsetu í útlöndum.

Þannig var um þessi þrjú á síðasta ári. Þau Erna Guðrún Sveinbjörnsdóttir og Tjörvi Guðjónsson voru fermd 15. ágúst – en Dagmar Ýr Wium var fermd 12. sept.



*Erna Guðrún og Tjörvi.*



*Dagmar Ýr.*

***Jesús mælti:***  
*Vertu trúr allt  
til dauða, og ég  
mun gefa þér  
kórónu lífsins*  
(Op. Jóh. 2.10)

# Fermingarbörn á Akranesi 2005

## Sunnudagur 20. mars, kl. 10.30

- Agnes Ásgeirsdóttir, Skarðsbraut 5.*  
(For.: Bylgja Dröfn Gísladóttir og Ásgeir Einarsson)
- Auður Dögg, Skagabraut 34.*  
(Móðir: Sólrún Hulda Ragnarsdóttir. Fósturf.: Björgvin Guðjónsson)
- Ármann Steinar Gunnarsson, Bjarkargrund 31.*  
(For.: Anna Kristjánsdóttir og Gunnar Már Ármannsson)
- Ásta Sæunn Ingólfssdóttir, Stillholti 15.*  
(For.: Ingólfur Valdimarsson og Guðný Sjöfn Sigurðardóttir)
- Bergþóra Sveinsdóttir, Vesturgötu 85.*  
(For.: Borghildur Jósúadóttir og Sveinn Kristinnsson)
- Eygló Smáradóttir, Lerkigrund 4.*  
(For.: Guðbjörg Nielsdóttir Hansen og Smári Hrafn Jónsson)
- Eyja Þóra Guðjónsdóttir, Einigrund 17.*  
(For.: Ragnheiður Þórðardóttir og Guðjón Svavar Böðvarsson)
- Faney Unnur Sigurðardóttir, Sóleyjargötu 8.*  
(For.: Anita Björk Gunnarsdóttir og Sigurður Jakobsson. Fósturf.: Benedikt Karlsson)
- Gígja Gylfadóttir, Jörundarholti 1c.*  
(For.: Ásdís Kristmundsdóttir og Gylfi Jónasson)
- Halþór Inghósson, Skarðsbraut 13.*  
(For.: Berglind Svala Benediktsdóttir og Inghófr Sigurðsson)
- Harpa Lind Gylfadóttir, Jörundarholti 110.*  
(For.: Marta Kristín Ásgeirsdóttir og Gylfi Þórðarson)
- Jón Axel Svavarsson, Sunnubraut 4.*  
(For.: Solveig Axelsdóttir og Svavar Eysteinn Haraldsson)
- Jónína Íris Valgeirsdóttir, Vesturgötu 26.*  
(For.: Sigríður S. Sæmundsdóttir og Valgeir Sigurðsson)
- Kristín Ragnarsdóttir, Jaðarsbraut 21.*  
(For.: Ólafía Guðrún Jóhannsdóttir og Ragnar Már Knútsson)
- Rúnar Bergmann Gunnlaugsson, Smáraflöt 14.*  
(For.: Halldóra Jóna Garðarsdóttir og Gunnlaugur Sölvason)
- Sædis Eir Benteinsdóttir, Laugarbraut 14.*  
(For.: Benteinn Hörður Bragason og María Ólafsdóttir)

## Sunnudagur 20. mars, kl. 14

- Aldis Petra Sigurðardóttir, Krókatúni 12.*  
(For.: Sigurður Már Jónsson og Sigríður Hallgrímsdóttir)
- Anna Pétursdóttir, Dalbraut 23.*  
(For.: Laufey Skúladóttir og Pétur Óðinsson)
- Aron Öfjörð Jóhannesson, Vallholti 21.*  
(For.: Valdis Sigrún Valbergsdóttir og Jóhannes Snorrason)
- Ágúst Heimisson, Lerkigrund 3.*  
(For.: Anney Ágústsdóttir og Heimir Guðmundsson)
- Ástþór Helgi Hjálmarsson, Furugrund 39.*  
(For.: Guðrún Einarsdóttir og Hjálmar Rögnvaldsson)
- Brynjar Sævarsson, Garðabraut 41.*  
(For.: Hólmfríður Dröfn Guðmundsdóttir og Sævar Sigurðsson)
- Egill Guðvarður Guðlaugsson, Vesturgötu 117.*  
(For.: Guðlaugur Kristinn Gunnarsson og Siggerður Ásbjörg Sigurðardóttir)
- Jóhann Andri Knappett, Melteigi 10.*  
(For.: Ólöf Kristín Ásgeirsdóttir og Timothy A. Knappett)
- Jóhann Örn Jónbjörnsson, Suðurgötu 99.*  
(For.: Rakei Jóhannsdóttir og Jónbjörn Bogason)
- Lif Lárusdóttir, Skagabraut 19.*  
(For.: Guðrún Lilja Þorsteinsd. og Lárus Már Hermannsson)

- Orri Jónsson, Skarðsbraut 17.*  
(For.: Elín Ingibjörg Daðadóttir og Jón Brynjólfur Ólafsson)
- Sonja Bjarnadóttir, Jörundarholti 204.*  
(For.: Unnur Hafdis Arnardóttir og Jóhann Bjarni Knútsson)
- Steinþór Böðvarsson, Jörundarholti 29.*  
(For.: Jónína Rikka M. Steinþórsdóttir og Böðvar Ingvason)
- Vera Mjöll Kristbjargardóttir, Heiðarbraut 33.*  
(For.: Kristbjörg Traustadóttir og Björgvin Karl Björgvinsson)
- Örn Viljar Kjartansson, Suðurgötu 36.*  
(For.: Sigurbjörg Helga Skúladóttir og Kjartan Ágúst Aðalsteinsson)

## Sunnudagur 3. apríl, kl. 10.30

- Arna Björk Jónsdóttir, Jaðarsbraut 5.*  
(For.: Guðrún Margrét Halldórsd. og Jón Óskar Ásmundsson)
- Atli Þór Jónsson, Stillholti 10.*  
(For.: Þuríður Sigurrós Baldursdóttir og Jón Vigfússon. Fósturf.: Guðmundur Hafsteinn Kjartansson)
- Ástþór Guðmundsson, Grenigrund 30.*  
(For.: Ása Birna Viðarsdóttir og Guðmundur Björnsson. Fósturf.: Baldur Þór Ketilsson)
- Bjarki Valur Viðarsson, Jörundarholti 9.*  
(For.: Ingibjörg Hulda Björnsdóttir og Viðar Bjarnason)
- Björn Bergmann Sigurðarson, Háteigi 14.*  
(For.: Sigurður V. Haraldsson og Bjarney P. Jóhannsdóttir)
- Eydis Frimannsdóttir, Einigrund 1.*  
(For.: Guðný Tómasdóttir og Frimann Smári Eliásson)
- Leifur Rúnar Leifsson, Vesturgötu 149.*  
(For.: Leifur Hammer Þorvaldsson og Sigríður Ásdís Karlsd.)
- Rakei Gunnlaugsdóttir, Bjarkargrund 17.*  
(For.: Rut Karol Hinriksdóttir og Gunnlaugur Pálmason)
- Rúnar Árnason, Esjuvöllum 8.*  
(For.: Árni Ívar Árnason og Arna Böðvarsdóttir)
- Sigurður Ýmir Sigurjónsson, Deildartúni 9.*  
(For.: Ragnheiður Sigurðardóttir og Sigurjón Ólafsson. Fósturf.: Símon Hreinsson)
- Sigurros Jónsdóttir, Kirkjubraut 23.*  
(For.: Nanna Sigurðardóttir og Jón Ásgeir Valsson. Fósturf.: Lúðvík Þorsteinsson)
- Skúli Freyr Sigurðsson, Melteigi 7.*  
(For.: Íris Gylfadóttir og Sigurður Magnús Skúlason)
- Svanberg Björnsson, Leynisbraut 5.*  
(For.: Dagbjört Anna Ellertsdóttir og Björn Kjartansson)
- Víktor Gabriel Friðriksson, Bakkatúni 18.*  
(For.: Auður Ásgeirsdóttir og Friðrik Erlingsson Karlsson. Fósturf.: Haukur Blöndal Kjartansson)

## Sunnudagur 3. apríl, kl. 14

- Björgvin Andri Garðarsson, Einigrund 9.*  
(For.: Lára Hagalín Björgvinsdóttir og Garðar Jónsson)
- Diana Bergsdóttir, Reynigrund 17.*  
(For.: Margrét Andersen Frimannsd. og Bergur Garðarsson)
- Guðbergur Jens Haraldsson, Einigrund 6.*  
(For.: María Gunnarsdóttir og Haraldur Ásgeir Ásmundsson)
- Guðrún Carstensdóttir, Brekkubraut 6.*  
(For.: Bryndís Bragadóttir og Carsten Jón Kristinnsson)
- Gyða Björk Bergþórsdóttir, Bjarkargrund 28.*  
(For.: Bergþór Guðmundsson og Bryndís Rósa Jónsdóttir)

*Halþór Ingi Garðarsson, Bjarkargrund 38.*  
(For.: Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir og Garðar Jónsson)  
*Helena Másdóttir, Esjuvöllum 16.*  
(For.: Margrét B. Arnfinnsdóttir og Már Vilbergs Vilbergsson)  
*Inga Jóna Einarisdóttir, Deildartúni 6.*  
(For.: Elísabet Linda Halldórsdóttir og Einar Ingi Kristinsson.  
Fósturf.: Eðvald Ingi Árnason)  
*Júlia Björk Elfarsdóttir, Leynisbraut 31.*  
(For.: Jóhanna Heiður Gestsdóttir og Elfar Þór Jósefsson)  
*Laufey Guðnadóttir, Jörundarholti 119.*  
(For.: Hlín Sigurðardóttir og Guðni Runólfur Tryggvason)  
*Sigurbjörg Gyða Guðmundsdóttir, Vallholti 15.*  
(For.: Ásta Björk Arngrímsdóttir og Guðmundur Kristján Sigurbjörnsson)  
*Vífill Atlason, Vallholti 19.*  
(For.: Atli Vilhelm Harðarson og Harpa Hreinsdóttir)  
*Þorsteinn Jónsson, Jörundarholti 34.*  
(For.: Jón Ágúst Þorsteinsson og Sigríður Sigurðardóttir)

## Sunnudagur 10. apríl, kl. 10.30

*Árni Snær Ólafsson, Grenigrund 33.*  
(For.: Jóhanna Árnadóttir og Ólafur Páll Sölvason)  
*Einar Logi Einarsson, Einigrund 32.*  
(For.: Sigríður Þorsteinsdóttir og Einar Gíslason. Fósturm.:  
Kristín Kristmannsdóttir)  
*Fjalar Þór Rúnarsson, Furugrund 10.*  
(For.: Dóra Björk Scott og Rúnar Þór Gunnarsson. Fósturf.:  
Lárus Hjaltsted)  
*Heiðís Júlíusdóttir, Vogabraut 22.*  
(For.: Bryndís Ólöf Guðjónsdóttir og Júlíus Pétur Ingólfsson)  
*Helga María Hafsteinsdóttir, Vallholti 21.*  
(For.: Sýlvía Margrét Valgeirsdóttir og Hafsteinn Þórisson.  
Fósturm.: Gréta Jóhannesdóttir)  
*Jón Andri Björnsson, Furugrund 13.*  
(For.: Margrét Jóhannsdóttir og Björn Björgvin Jónsson)  
*Katla María Ketilsdóttir, Háteigi 16.*  
(For.: Ingibjörg Finnbogadóttir og Ketill Mór Björnsson)  
*Klara Árný Harðardóttir, Deildartúni 3.*  
(For.: Geirlaug Jóna Rafnsdóttir og Hörður Hallgrímsson)  
*Marínó Raín Guðmundsson, Jörundarholti 115.*  
(For.: Guðrún Sigríður Gísladóttir og Guðmundur Sigurður Jónsson)

## Sunnudagur 10. apríl, kl. 14

*Baldvin Mór Kristjánsson, Esjubraut 28.*  
(For.: Kristján Óskar Baldvinsson og Karen Emilía Jónsdóttir)  
*Eyrún Reynisdóttir, Esjuvöllum 20.*  
(For.: Magnús Bára Guðmundsdóttir og Reynir Sigurbjörnsson)  
*Guðbrandur Mikael Ingólfsson, Höfðabraut 14.*  
(For.: María Terézía Jósefsdóttir og Ingólfur Guðbrandsson)  
*Gunnar Þór Þorsteinsson, Reynigrund 8.*  
(For.: Eydís Rut Gunnarsdóttir og Hörður Þorsteinn Benónýsson)  
*Gunnþórunn Valsdóttir, Dalsflöt 1.*  
(For.: Unnur Guðmundsdóttir og Valur Heiðar Gíslason)  
*Heiðar Logi Valdimarsson, Esjuvöllum 19.*  
(For.: Björk Elfa Jónasdóttir og Valdimar Stefánsson. Fósturf.:  
Kjartan Kjartansson)  
*Ingibjörg Huld Gísladóttir, Lerkigrund 5.*  
(For.: Anna Dórothea Tryggvadóttir og Gísli Björnsson)

*Jóhanna Ösp Guðmundsdóttir, Brekkubraut 20.*  
(For.: Guðmundur Árni Gunnarsson og Erla Þórðardóttir)  
*Jóhannes Örn Pálmason, Laugarbraut 5.*  
(For.: Ásgerður Guðrún Ásgeirsdóttir og Pálmi Jóhannesson)  
*Jónas Bjartur Valdimarsson, Esjuvöllum 19.*  
(For.: Björk Elfa Jónasdóttir og Valdimar Stefánsson. Fósturf.:  
Kjartan Kjartansson)  
*Karen Ósk Kristínardóttir, Háholti 32.*  
(For.: Kristín Sveinsdóttir og Ólafur Eggert Ólafsson. Fósturf.:  
Einar Viðarsson)  
*Kristín Ósk Karlsdóttir, Bjarkargrund 45.*  
(For.: Þorbjörg Unnur Magnúsdóttir og Karl Sigurðsson)  
*Sigurður Hrafn Smáráson, Viðigrund 10.*  
(For.: Ólöf Guðmundsdóttir og Smári Njálsson)  
*Þórdís Þóll Þráinsdóttir, Viðigrund 1.*  
(For.: Berglind Guðmundsdóttir og Þráinn Þór Þórarinnsson)

## Sunnudagur 17. apríl, kl. 14

*Alexandra Berg Rúnarisdóttir, Viðigrund 9.*  
(For.: Hafrún Jóhannesdóttir og Rúnar Guðjónsson. Fósturf.:  
Steinar Dagur Adolfsson)  
*Berghóra Friðriksdóttir, Vogabraut 38.*  
(For.: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir og Friðrik Þórir Magnússon)  
*Bjarki Berg Guðmundsson, Jörundarholti 212.*  
(For.: Sóley Sævarsdóttir og Guðmundur Einarsson)  
*Breki Berg Guðmundsson, Jörundarholti 212.*  
(For.: Sóley Sævarsdóttir og Guðmundur Einarsson)  
*Daisy Heimisdóttir, Steinsstaðflöt 15.*  
(For.: Guðlaug Sigriksdóttir og Heimir Björgvinsson)  
*Heiður Dögg Reynisdóttir, Jaðarsbraut 37.*  
(For.: Guðbjörg Ólafsdóttir og Reynir Árnason. Fósturf.:  
Magnús Magnússon)  
*Hildgunnur Sif Aðalsteinsdóttir, Jörundarholti 18a.*  
(For.: Guðrún Sigvaldadóttir og Aðalsteinn Hafsteinnsson)  
*Hrafn Jónsson, Vallholti 11.*  
(For.: Rannveig Björk Gylfadóttir og Jón Gunnar Axelsson)  
*Ingvar Þórisson, Steinsstaðflöt 19.*  
(For.: Þórey Sigríður Ingvarsdóttir og Þórir Björgvinsson)  
*Karitas Eva Jónsdóttir, Háholti 30.*  
(For.: Súsanna Steinþórsdóttir og Jón Jóhannesson)  
*Kristinn Ágúst Þórsson, Skarðsbraut 1.*  
(For.: Arný Hulda Friðriksdóttir og Þór Hreinsson. Fósturf.:  
Bjarni Karvel Ragnarsson)  
*Leifur Viktor Guðmundsson, Reynigrund 13.*  
(For.: Margrét Sigurðardóttir og Guðmundur Rúnar Davíðsson)  
*Lilja Guðmundsdóttir, Bakkatúni 4.*  
(For.: Brynhildur Björnsdóttir og Guðmundur Sigurbjörnsson)  
*Magnús Magnússon, Deildartúni 10.*  
(For.: Magnús Magnússon og Guðbjörg R. Ásgeirsdóttir)  
*Ragnar Leósson, Gardabraut 11.*  
(For.: Halldóra Sigríður Gylfadóttir og Leó Ragnarsson)  
*Sigríður Mist Hjartardóttir, Stekkjarholti 6.*  
(For.: Kristín Ósk Kristinsdóttir og Hjörtur Lindal Guðnason.  
Fósturf.: Gísli Jón Bjarnason)  
*Svandís Erla Ólafsdóttir, Bjarkargrund 44.*  
(For.: Hrafnhildur Jónsdóttir og Ólafur Guðmundur Adolfsson)  
*Svandís Hlíf Sturludóttir, Vallarbraut 1.*  
(For.: Hólmfríður Sigurðardóttir og Sturla Aðalsteinsson)  
*Viktor Ýmir Eliasson, Leynisbraut 4.*  
(For.: Björgheiður Guðrún Valdimarsdóttir og Elías Ólafsson)

# Fermingargreiðsla sem vex

Þegar þú leggur  
fermingarpeningana þína inn  
á Framtíðargrunn  
Landsbankans nýtur þú ávallt  
góðra vaxta. Eyddu í sparnað  
og fermingargreiðslan þín  
vex jafnt og þétt í framtíðinni,  
rétt eins og þú!



ÍSLENSKA AUGLYSINGASTOFNAN/SIA/IS/LBI/27376\_03/2005

